



**MARKAÐSMÁL
Á MANNAMÁLI**

Reykjanesbær, 1. desember 2014

Íslenskur markaðsnörd gefur út, á Amazon, bleika bók um markaðsmál á mannamáli

Markaðsnördið Þóranna K. Jónsdóttir, sem starfar undir merkjum Markaðsmála á mannamáli, gefur út bók á Amazon númer 1 í byrjun desember. Bókin er skrifuð á ensku, fyrir alþjóðlegan markað, og setur markaðsmálin fram á auðskiljanlegan hátt án alls flækjustigs og fræðimáls.

"Mér finnst ferlegt hversu mörg fyrirtæki deyja, eða ganga ekki sem skyldi, vegna þess að það vantar upp á þekkingu og skilning á markaðsmálunum. Það eru svo margir sem þurfa að nýta þessi fræði en hafa ekki tíma eða áhuga á því að verða sérfræðingar. Þau þurfa góðan skilning, og að fá að vita bara akkúrat það sem þarf til að láta þetta virka, ekkert meir. Og það þarf að setja þetta fram á mannamáli," segir höfundurinn.

Bókin verður gefin út á rafrænu formi hjá Amazon 3. desember og í kjölfarið á því á prenti. Einnig er fyrirhugað að gefa út hljóðbók. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort hún verður gefin út í íslenskri þýðingu. Bókin er fyrsta bókin í seríu sem ætlað er að setja markaðsmálin fram á praktískan hátt þannig að fræðin nýtist beint inni í minni fyrirtækjum. Í henni er farið yfir fimm helstu þætti þess að setja upp öflugt markaðsstarf. Í kjölfarið munu koma út fimm bækur sem kafa dýpra í hvern og einn þessara þátta.

Bókin hefur fengið góðar viðtökur hjá þeim sem hafa lesið hana fyrir útgáfu. M.a. hefur Dr. Andrea Pennington, sem bæði hefur komið fram í Oprah, haft sína eigin þætti á Discovery Channel og er aðjúnkt prófessor við Alþjóðlega háskólann í Mónakó sagt *"Finally someone has cleverly and concisely demystified marketing jargon and drawn a clear, easy to follow map to navigate your way to success. Thoranna's Marketing Untangled is an essential starting point for strategically planning your start-up jungle safari!"* Fleiri umsagnir má sjá hér:

<http://thoranna.is/marketing-untangled-endorsements/>

Einn kunningi höfundarins spurði: "Kápan er svo rosalega BLEIK á litinn...var það planið?" Ó já! Viltu vita af hverju? Það væri nú t.d. ágætis efni í viðtal ;)

Bókin er fáanleg *frí* á rafrænu formi hjá Amazon til sunnudagsins 7. desember og vonast höfundurinn eftir því að sem allra flestir nýti sér tækifærið og næli sér í eintak!

<http://thoranna.is/marketinguntangledbook/> (linkur á Amazon óvirkur fram að útgáfu)

Frekari upplýsingar og myndefni má finna á <http://thoranna.is/marketing-untangled-fjolmidlar/>

###

Þóranna K. Jónsdóttir, MBA og markaðsnörd - Markaðsmál á mannamáli

S: 841 5800 - thoranna@thoranna.is

thoranna.is - mam.is - facebook.com/markadsmal

[is.linkedin.com/in/thorannakristin](http://linkedin.com/in/thorannakristin)